

Skólaráð – Fundargerð 26. september 2024

Mætt eru: Herdís Erna Gunnarsdóttir skólastjóri; Ragnheiður Helga Bæringsdóttir fulltrúi kennara og ritari; Stefanía Anna Vilhjálmisdóttir fulltrúi foreldra barna í leikskóla; Íris Dröfn Brynjólfsdóttir fulltrúi annarra starfsmanna; Jóhanna Lind Brynjólfsdóttir fulltrúi starfsmanna leikskóla; Alexandra Agla Jónsdóttir fulltrúi nemenda;

Þórarinn Páll Þórarinsson, fulltrúi nemenda boðaði forföll.

Fundur haldinn í stofu 10 í grunnskóla Auðarskóla kl. 14:00 til 15:00.

Skólastjóri býður alla velkomna til starfa í skólaráði.

1. Hlutverk, starfsreglur og starfsáætlun skólaráðs

Fyrsti fundur skólaráðs Auðarskóla. Skólastjóri fór stuttlega yfir handbók skólaráðs og hlutverk fulltrúa þess. Farið yfir fundardaga skólaársins og starfsáætlun. Farið yfir reglur um trúnað. Hvað eru fagleg og eðlileg vinnubrögð?

[Handbók um skólaráð | Auðarskóli \(audarskoli.is\)](#)

Samkvæmt skipulagi verða fundir skólaráðs eftirfarandi daga:

26. september - Fimmtudagur kl. 14.00

4. desember – Miðvikudagur kl. 14.00

18. febrúar – Þriðjudagur kl. 14.00

23. apríl – Miðvikudagur kl. 14.00

1 klukkustund hver fundur

2. Skipulag og áherslur vetrarins

Starfsáætlun skólaráðs lögð fram. Áætlað að ráðið fundi fjórum sinnum yfir árið.

Dagskrá funda getur breyst og mál bæst við eins. Fulltrúar geta ávallt óskað eftir því að setja mál á dagskrá. Senda skal mál á skólastjóra a.m.k. tveimur vikum fyrir settan fund.

Dagsetning og tími	Dagskrá:
26. september 2024 kl. 14:00	<ul style="list-style-type: none"> • Hlutverk, starfsreglur og starfsáætlun skólaráðs • Skipulag og áherslur vetrarins • Mat á starfsáætlun 2023-2024 • Innra mat-Gæðaráð • Menntastefna-Gæðaviðmið • Námsvísar • Skólalóð öryggi • Önnur mál
4. desember 2024 kl. 14:00	<ul style="list-style-type: none"> • Fjárhagsáætlun ársins-kynning • Öryggi og aðbúnaður-forvarnir • Skólareglur • Skóladagatal samráð • Innra mat-Menntastefna-Gæðaviðmið • Önnur mál
18. febrúar 2025 kl. 14:00	<ul style="list-style-type: none"> • Drög að skóladagatali • Staðfesting skóladagatals? • Innra mat-Gæðaráð • Önnur mál
23. apríl kl. 14:00	<ul style="list-style-type: none"> • Mat á starfsáætlun 2024-2025 • Skýrsla innra mats (fer fyrir fræðsluráð í júní) • Skóladagatal • Næsta skólaár-mönnun og nemendafjöldi • Önnur mál

3. Mat á starfsáætlun Auðarskóla 2023-2024

Skólastjóri kynnti Mat á starfsáætlun 2023-2024, sjá [hér](#)

Eftir hvert skólaár er starfsáætlun metin og er matið nýtt til umbóta á skólastarfi.

4. Innra mat-Gæðaráð

Stofnað verður gæðaráð við skólann. Í því mun sitja: Skólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, fulltrúi kennara sem í ár er Lóa, fulltrúi leikskólastarfsmanna Anna Kotscew, fulltrúi foreldra grunnskólabarna Anna Sigríður Grétarsdóttir og fulltrúi foreldra leikskólabarna Steinþór Logi Arnarsson. Fyrsti fundur ráðsins er áætlaður 1. október.

5. Menntastefna-Gæðaviðmið

Gæðaviðmið munu birtast á heimasíðu skólans og verða ávallt notuð sem leiðarvísir við mat á skólastarfinu.

6. Námsvísar

Námsvísir leikskólans á heimasíðu.

7. Skólalóð öryggi

Herdís, Kristján Ingi og sveitarstjóri hafa umsjón.

Krani kemur í næstu viku, bílastæði verður lokað og starfsmenn þurfa að leggja annars staðar en foreldrar geta stoppað til að skila og sækja börnin. Gönguleið hjá sundlaug verður lokað.

Fá aðra girðingu nær leikskóla, hrynur úr moldarhaug inn á lóðina. Börnin vilja vera nálægt og fylgjast með tækjunum.

8. Önnur mál

Breyting á dagsetningu foreldrasamtalsdags í leikskóla

Breyting á dagatali verði:

- 7. Október mánudagur og verður venjulegur skóladagur
- 8. Október þriðjudagur: verður foreldrasamtalsdagur og leikskóli lokaður

Bókun:

Skólaráð leggst ekki gegn breytingu á skóladagatali. Í framhaldinu mun skólastjóri senda út könnun til foreldra leikskólabarna og fá þeirra sjónarmið á tilfærslu daganna.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:00

Fundargerð ritaði Ragnheiður H. Bæringsdóttir. Skólastjóri staðfestir fundargerð.